

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

FUNDARGERÐ

5. fundur

Fundur var haldinn í Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga þriðjudaginn 6. mars 2007. Fundurinn var haldinn í fundarsal Aðaldælahrepps, Iðjugerði 1 og hófst hann kl. 13⁰⁰.

Neðanritaðir voru mættir og þetta gerðist:

1. Erindi frá Iðnbæ ehf. á Laugum

Erindi sem var ekki afgreitt á fundi nefndarinnar 10. febrúar 2006 þar sem ýmislegt var ófrágengið. Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir iðnaðarhús á lóð félagsins að Kvíhólmsmýri, Laugum, Þingeyjarsveit. Húsið er stálgrindarhús 406,8 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Guðmundi Gunnarssyni byggingarverkfræðingi. Byggingarnefnd samþykkir erindið.

2. Erindi frá Oddi Örvari Magnússyni, Baughóli 31c, Húsavík

Óskað er eftir leyfi til að breyta útliti á vesturhlið Barnaskólans í Flatey, fjölga gluggum og setja dyr á neðri hæð. Byggingarnefnd samþykkir erindið, en óskar jafnframt eftir upplýsingum um breytta notkun á húsinu.

3. Erindi frá Tryggva Stefánssyni Hallgilsstöðum, Fnjóskadal

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir nýtt einbýlishús að Hallgilsstöðum. Húsið er timburhús frá SG húsum á Selfossi 169,1 m² að grunnfleti. Byggingarnefnd samþykkir erindið.

4. Erindi frá Eyþóri S. Viðarssyni

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir bílskúr við frístundahús hans sem er nr. 20 í landi Núpa í Aðaldal. Bílskúrin er 40 m² að grunnfleti. Byggingarnefnd tekur jákvætt í erindið, en óskar eftir teikningum af bílskúrnum og skriflegt leyfi landeiganda.

5. Erindi frá Birki Fanndal og Sólveigu Illugadóttur Skútahrauni 14, Skútustaðahreppi

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir einbýlishús á lóð nr. 2 við Helgavog. Erindið var áður tekið fyrir á fundi nefndarinnar 21. nóvember s.l. og þá frestað þar sem breyting á aðalskipulagi lá ekki fyrir. Sveitarstjórn samþykkti 8.12. s.l. byggingarleyfið með fyrirvara um staðfestingu ráðherra. Þar sem staðfest aðalskipulag liggur nú fyrir samþykkir byggingarnefnd leyfi fyrir húsinu.

6. Erindi frá Skútustaðahreppi

Óskað er eftir stöðuleyfi fyrir 40 feta gám austan við núverandi port við áhaldahús sveitarfélagsins. Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

7. Erindi frá Skútustaðahreppi

Óskað er eftir umsögn nefndarinnar um vínveitingaleyfi til handa Stefáni Gunnarssyni, Jarðböðin ehf. Skútustaðahreppi.

Nefndin tekur jákvætt í erindið og leggur til við sveitarstjórn Skútustaðarhr. veiti umbeðið leyfi.

8. Erindi frá KEA Hótelum

Óskað er eftir stöðuleyfi fyrir 50 m² starfsmannahúsi norðan núverandi starfsmannahúss við Hótel Gíg að Skútustöðum.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykki Umhverfisstofnunar. Byggingarfulltrúa falið að setja sig í samband við Umhverfisstofnun þar að lúandi.

9. Erindi afgreitt af byggingarfulltrúa

Erindi frá Kristjáni Tryggvasyni Arlandi, Þingeyjarsveit um leyfi til að breyta gluggum íbúðarhússins.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

10. Byggingarskýrsla Suður-Þing.

Byggingarfulltrúi fór yfir byggingarskýrslu síðasta árs.

11. Erindi frá Ingvari Sveinbjörnssyni og Ingunni Indriðadóttur Háagerði 10 Húsavík.

Sækja um leyfi til að byggja við hús þeirrar, Krosshús í Flatey. Annars vegar geymslu áfasta við húsið og að byggja kvist á þaki hússins. Geymslan er 12,5 m².

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 15⁰⁰

Eiður Arnason
Jóhannes Steingrímsson
Kolbeinn Kjartansson
Kristján Snæbjörnsson
Vigfús Sigurðsson byggingarfulltrúi